

Fjallabyggð
Gránugötu 24, Siglufirði
B.t. Sigríðar Ingvarsdóttur, bæjarstjóra Fjallabyggðar
og allra í bæjarstjórn

Reykjavík, 29. maí 2024.

Erindi: Mótmæli við umsókn til skipulagsfulltrúa um lóð f.h. Samkaupa hf. og KSK eigna ehf. á 311. fundi, í máli nr. 2405039 frá 22. maí 2024

Hér með eru lögð fram mótmæli f.h. Selvíkur ehf. („umbj. okkar“) vegna umsóknar Ásgeirs Ásgeirssonar hjá T.Ark Arkitektum ehf. f.h. Samkaupa hf. og KSK eigna ehf., dags. 8. maí 2024. Samkvæmt fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar á 311. fundi, frá 22. maí 2024 er með umsókninni óskað eftir „vilyrði fyrir lóð, sem mun **hýsa nýja verslun Samkaupa, ásamt minni verslunum og/eða þjónustu**. Um er að ræða lóð í miðbæ Siglufjarðar sem í dag er tjaldsvæði. Þá er einnig óskað eftir heimild til að vinna breytingu á deiliskipulagi miðbæjarins í samræmi við frumdrög sem fylgja erindinu, í samvinnu við skipulagsyfirlöng ef vilyrði fyrir lóðinni verður samþykkt.“ (leturbr. undirr.)

Var framangreint erindi samþykkt af hálfu nefndarinnar.

Fékk undirrituð upplýsingar um það símleiðis frá Írisi Stefánsdóttur skipulagsfulltrúa hjá Fjallabyggð, að fundur bæjarstjórnar sé fyrirhugaður fimmtudaginn 30. maí n.k. þar sem framangreint erindi verður tekið fyrir. Er með bréfi þessu farið fram á að erindinu verði **hafnað** af hálfu bæjarstjórnar, m.a. með eftirfarandi rökstuðningi:

- Allt frá árinu 2013 hefur umbj. okkar staðið í ströngu við að knýja fram efndir á 1. og 2. tölul. A-hluta samkomulags á milli Selvíkur ehf. (þá Rauðka ehf.) og Fjallabyggðar, dags. 28. apríl 2012 (hér „samkomulagið“), af hálfu sveitarfélagsins, en samkomulag þetta var samþykkt á 256. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar 3. maí 2012 og síðar af bæjarstjórn á 78. fundi sínum 9. maí 2012. Samkomulagið snerist um fjárfestingar og uppbyggingu á Siglufirði, og var ætlað að auka fjölbreytni í þjónustu fyrir almenning og ferðamenn og bæta ásynd og umhverfi fyrir íbúa og gesti bæjarins.
- Líkt og bæjarstjórninni er kunnugt um hefur umbj. okkar staðið að umfangsmikilli uppbyggingu á Siglufirði, fjárfest í hóteli og lagt feikna mikil fjárframlög í þágu ferðaþjónustu á svæðinu. Forsendan fyrir slíkri fjárfestingu á sínum tíma var þó sú að samhliða yrði ráðist í uppbyggingu af hálfu sveitarfélagsins, s.s. í skipulags-, samgöngu-, og umhverfismálum. Þetta hefur Fjallabyggð vanefnt í veigamiklum atriðum.
- Nýtt deiliskipulag var staðfest 11. desember 2017 og taldi umbj. okkar það í ágætu samræmi við efni samkomulagsins. Í greinargerð með samþykktu deiliskipulagi kemur m.a. fram að markmið þess sé „endurbót almenningsrýma í miðbænum og gerð nýrra.“ Má víða sjá í greinargerðinni fyrirætlanir um breytingar og framkvæmdir í miðbænum sem miða að því að byggja svæðið upp í samræmi við efni samkomulags aðila, þannig að

LLG | LÖGMENN

markmiði þess yrði náð um að „laga svæðið að umhverfinu, þ.e. höfninni, miðbænum, núverandi starfsemi, sem og að væntanlegu hóteli þannig að það yrði afþreyingarsvæði fyrir ferðamennsku.“ Gerir deiliskipulagið jafnframt ráð fyrir að við „Ráðhúsreit og Ráðhústorg“ sé byggður „almenningsgarður“, „útivistarsvæði með borðum og bekkjum“, „gönguás“ sem verði „einhverskonar rauður þráður sem tengir Ráðhústorgið við fyrirhugað miðsvæði og almenningsgarð við smábátahöfnina“ svæði sem geti „nýst þegar stærri viðburðir eru í miðbæ Siglufjarðar“ o.s.frv. Ljóst er að framkvæmdir hafa hins vegar engar orðið og að sveitarfélagið hefur ekki staðið við fyrirheit um framangreint, þrátt fyrir skuldbindingar sveitarfélagsins í samkomulaginu, deiliskipulaginu og fyrrnefndri greinargerð.

4. Þvert á samkomulagið hefur skipulags- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins nú samþykkt umsókn þar sem óskað er eftir, líkt og fyrr segir „vilyrði fyrir lóð [í miðbæ Siglufjarðar], sem mun **hýsa nýja verslun Samkaupa, ásamt minni verslunum og/eða þjónustu.**“ (leturbr. undirr.). Telja verður einboðið að bæjarstjórn hafni erindinu n.k. fimmtudag, þann 30. maí, enda væri annað skýrt brot á samkomulagi umbj. okkar og Fjallabyggðar og deiluskipulaginu frá árinu 2017, m.a. með hliðsjón af greinargerðinni sem því fylgdi. Að gefnu tilefni er jafnframt bent á, að þótt skipulagning svæðisins sé á forræði Fjallabyggðar kom skýrt fram í samkomulaginu að „við þá vinnu yrði haft náið samstarf og **samráð** við forsvarsmenn [Selvíkur] ehf.“ Samkomulagið er enn í gildi, en ekkert samráð verið haft við umbj. okkar er varðar hina nýju tillögu á skipulagi miðbæjar Siglufjarðar.

Að framangreindu sögðu eru áréttuð mótmæli við umsókn Ásgeirs Ásgeirssonar hjá T.Ark Arkitektum ehf. f.h. Samkaupa hf. og KSK eigna ehf., og þess farið á leit við bæjarstjórn Fjallabyggðar að erindinu verði hafnað n.k. fimmtudag, þann 30. maí 2024 á fundi bæjarstjórnar.

Að gefnu tilefni vill umbj. okkar koma því á framfæri að erindi þetta og efni þess er ekki **trúnaðarmál**, það á erindi við alla íbúa sveitarfélagsins og ber ásamt svörum við erindinu að meðhöndla með þeim hætti.

Allur réttur er áskilinn til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum og skýringum eftir því sem þurfa þykir.

Virðingarfyllst,
f.h. Selvíkur ehf.

Dagbjört Dögg Karlsdóttir

Dagbjört Dögg Karlsdóttir, lögfræðingur,
f.h. Birgis Tjörva Péturssonar, lögmanns.

Afrit af bréfinu er sent á eftirfarandi netföng:

fjallabyggd@fjallabyggd.is
sigga@fjallabyggd.is
sigridur.gudrun.hauksdottir@fjallabyggd.is